

Alþingi
Erindi nr. P 127/360
komudagur 5.12.2001

Kærunefnd útboðsmála


Fjármálaráðuneytinu
Arnarhvíli 150, Reykjavík

Með bréfi árituðu um móttöku hjá kærunefnd útboðsmála 19. nóvember 2001 leitar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis umsagnar nefndarinnar um frumvarp til laga um skipan opinberra framkvæmda, „6. mál, eftirlit“.

Með samþykkt laga nr. 94/2001 um opinber innkaup var reglum um opinber innkaup safnað saman í einn heildstæðan lagabálk. Í samræmi við þetta voru þær efnisreglur um opinber innkaup, sem var að finna í þágildandi lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, ekki teknar upp í ný lög um sama efni nr. 84/2001. Samkvæmt þessu er nú í lögum nr. 84/2001 fjallað um innri stjórnsýslu ríkisins og eftirlit við opinberar framkvæmdir, en í lögum nr. 94/2001 almennt um opinber innkaup, þar á meðal útboðsskyldu, framkvæmd opinberra útboða og samskipti kaupenda og bjóðenda.

Hlutverk kærunefndar útboðsmála er takmarkað við úrlausn mála samkvæmt lögum nr. 94/2001 og öðrum reglum um opinber innkaup. Nefndin fjallar hins vegar ekki um eða hefur eftirlit með innri stjórnsýslu ríkisins, svo sem verkaskiptingu milli stjórnvalda, hvort nægar fjárheimildir séu til verks, hvort áætlunum hafi verið fylgt eða hvort skilamat sé innt af hendi. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu hafa ekki áhrif á ákvæði laga nr. 94/2001 heldur snúa þær eingöngu að innri stjórnsýslu ríkisins. Með vísan þessa efnis frumvarpsins og framangreinds hlutverks nefndarinnar telur nefndin ekki ástæðu til að tjá sig efnislega um frumvarpið.

Reykjavík 30. nóvember 2001.


Páll Sigurðsson, formaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík